



Fundargerð

206. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 27. apríl 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:06.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi

Lagt fram á síðasta fundi minnisblað dags. 12.04.2016, frá Verkís vegna ofanvatnskerfi endurbætur.

Framkvæmdastjóri fór yfir og kynnti niðurstöðu minnisblaðsins ásamt því að svara fyrirspurnum stjórnarmanna. Framkvæmdastjóra falið að lista upp verkefni og verkstöðu til þess að hægt sé að forgangsraða framkvæmdum og möguleg skipting kostnaðar. Samþykkt að minnisblaðið verði sent til Umhverfis- og framkvæmdasvið Fljótsdalshéraðs og Vegagerðarinnar á Reyðarfirði.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Lögð fram tillaga að nýrri lagnaleið frá Lagarási niður með Brynhildargarði niður hjá Blómvangi og út með göngustíg neðan við Dyngju. Þessi lagnaleið gerir það mögulegt að tengjast inn á 200 mm hitaveitulögn við Lagarás í stað 80 mm lagnar við Miðvang. Eftir er að fá framkvæmdaleyfi fyrir verkinu.
- Rætt um ýmis framkvæmdaverkefni og sér í lagi verk sem hægt er að vinna í vor.
- Starfsmannamál rædd og verða rædd frekar á næsta fundi.



3. Önnur mál

- a) Lögð er fram teikning frá RARIK um rafstreng frá spennustöð við Sláturhúsið og að N1. HEF ehf. stefndi á að vera í samstarfi við Rarik um þessa lagnaleið. Komin er athugasemd frá Skipulags- og byggingafulltrúa sem bendir á að verið sé að vinna nýtt skipulag fyrir Miðbæinn þar sem er gert ráð fyrir að Fénaðarklöpp verði lokað. HEF er þegar með stórar lagnir á þessu svæði og þarf að fara betur í þetta mál og merkilegt að ekki sé leitað áhlits veitustofnana ef loka á fyrir lagnaleið niður Fénaðarklöpp.
- b) Skógarorka ehf. – formaður sagði frá fundi með skógarmönnum varðandi hráefnisframboð. Formanni og framkvæmdastjóra er falið að fá fram svör fyrir næsta fund.
- c) Næsti fundur 11. maí 2016 kl. 12:00.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:27.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.